


LJÓRI

7. HEFTI, 1991



Ljóri,	Útgefandi Ljóra:	Ritnefnd:
7. hefti, 1991	Félag íslenskra safnmannna	Helgi M. Sigurðsson
		Margrét Hallgrímsdóttir
	Umsjón:	
	Helgi M. Sigurðsson	

EFNISYFIRLIT

Frá ritnefnd	3
Helgi M. Sigurðsson: Jón Steffensen og læknaminjasafnið í Nesstofu	6
Bryndís Sverrisdóttir: Endurnýjun fastra sýninga Þjóðminjasafns Íslands	8
Ragnhildur Vigfúsdóttir: Farskóli safnmannna	12
Helgi M. Sigurðsson: Skansen aldargamall	15
Bryndís Sverrisdóttir: Safnkennsla — helstu aðferðir	21
Guðný Gerður Gunnarsdóttir: Skráning og flokkun safngripa	24

Forsíðan: Mynd úr gömlu Reykjavík eftir Skarphéðin Haraldsson.

Baksiðan: Frá Árbæjarsafni 1990. Á síðasta sunnudegi júlímaðar. Pennan dag var „uppselt“ á safninu, þ.e. fjöldi manns sneri frá vegna skorts á bílastæðum í hverfinu. Á myndinni má sjá m.a. vörubíl Þjóðminjasafns, T-Fordinn. (Mynd: HMS)

FRÁ RITNEFND

Á köflum þykir manni heldur lítið þokast í blessuðum safnamálunum. Íslenskir safnmenn séu kannski full litillátir og óeigingjarnir. En þegar að er gáð má greina talsverðar hræringar hér og þar, meðal annars hjá tveimur stærstu söfnunum, Árbæjarsafni og Þjóðminjasafni. Árbæjarsafn hefur tekið upp þann sið á súmrin að hafa dagskrár á hverjum sunnudagseftirmiðdegi. Eru þá kallaðir til handverksmenn, tónlistarmenn og dansarar, haldnar harmóníkuhátiðir og jasshátiðir, efnt til formbíladaga, heimilisiðnaðardaga, skátadags, ráðstefnu um húsagerð, flutt erindi um söguleg efni og þannig mætti áfram telja. Þetta kostar peninga en aukin aðskókn gerir meira en að greiða það upp. Fyrirhöfnin ei einnig alltaf einhver í kringum svona lagað, en þarna er um að ræða gefandi starf í því tilliti að því er veitt athygli og fólk kann að meta það. Þegar maður fær athugasemdir eins og „svona á safn að vera“ eða „dóttur minni finnst svo gaman, að ég verð að draga hana út úr hverju húsi“ þá fær maður staðfestingu á að safnið sé á góðri leið. Þessar dagskrár hafa m.a. leitt til þess að fjöldi gesta á Árbæjarsafni hafa stóraukist.

Á Þjóðminjasafninu hefur lítið gerst á sviði sýningarmála í áratugi. Er svo komið að íslenskur almenningur á þangað lítið erindi, enda er aðsókn þar haldið uppi af útlendingum og skólahópum. En nú er verið að hanna algerlega nýjar sýningar í Þjóðminjasafnshúsið, eins og fram kemur í einni greininni hér á eftir, svo að landinn mun eiga erindi þangað að nýju innan skamms.

Af öðrum söfnum er það meðal annars að fréttu að hafin er bygging veglegs sýningarhúss að Skógum. Jón Steffensen hefur byggt upp mikið og vandað læknaminjasafn í Nesstofu. Sjóminjasafn Íslands býr við bágan kost eins og áður, vantar þó sérstaklega tilfinnanlega geymslur. Maður að nafni Jósep Hinriksson hefur opnað sitt eigið sjóminjasafn í Reykjavík. Síldarminjasafn hefur verið opnað á Síglufirði. Árbæjarsafn hefur endanlega rýmt geymslur sínar á Korpúlfssstöðum. Þrír arkitektar hafa verið ráðnir til húsafríðunarstarfa: einn til Árbæjarsafns, einn til Þjóðminjasafns og einn til Húsafríðunarnefndar ríkisins. Byggt hefur verið yfir sjóminjasafn



Frá Árbæjarsafni 1989, strokkun smjörs.

á Húsavík. Opnað hefur verið minjasafn í Stykkishólmi. Fyrir dyrum stendur stofnun minjasafns Norður-Pingeyinga á Kópaskeri. Og síðast en ekki síst voru samþykkt ný þjóðminjalög sem þegar eru farin að hafa margvísleg áhrif.

Af fréttum sem við hefðum viljað heyra mætti til gamans nefna að fornleifaverðir væru teknir til starfa, Þjóðminjasafnið hefði fengið SS-húsið, við unandi fjármagni væri veitt til rekstrar Þjóðminjasafns og Sjóminjasafns Íslands, stofnað hefði verið tækniminjasafn, fornleifaskráning færí nú fram af fullum krafti út um allt land, húsaskráning væri komin vel á veg í flestum bæjarfélögum, og þannig mætti áfram telja.

Tvö ár eru liðin síðan Ljóri kom síðast út. Ritnefnd sú sem nú situr hóf efnissöfnun fyrir um ári og varð uppskeran eins og hér má sjá. Höfundar greina eru fimm. Bryndís Sverrisdóttir er safnkennari við Þjóðminjasafnið



Frá Árbæjarsafni 1991: skósmíði með þeim hætti sem tíðkaðist fyrir 300 árum. (Mynd: HMS)

en er nú í leyfi frá störfum. Hún hafði einnig á hendi sýningahald þar og gerir raunar enn þó að hún sé búsett eins og er í Stokkhólmi. Guðný Gerður Gunnarsdóttir er forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri. Helgi M. Sigurðsson er safnvörður á Árbæjarsafni. Ragnhildur Vigfúsdóttir hefur unnið bæði á Árbæjarsafni, Þjóðminjasafni og minjasafninu í Skóginum.

HMS

Helgi M. Sigurðsson

JÓN STEFFENSEN OG LÆKNAMINJASAFNIÐ Í NESSTOFU

Nýlátinn er prófessor Jón Steffensen. Hann var að góðu kunnur meðal safnmanna fyrir það m.a. að byggja upp læknaminjasafnið í Nesstofu.

Jón Steffensen fæddist árið 1905. Hann var lengst af prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, þ.e. á árunum 1937–1970, og rak einnig rannsóknar-



Prófessor Jón Steffensen segir frá munum í geymslu Nesstofusafns. (HMS — 1991)



Ýmis áhöld í einum sýningarskápa Nesstofusafns.

stofu sem við hann var kennið. Sögulegur áhugi var alla tíð fyrir hendi hjá Jóni. Tók hann meðal annars þátt í mörgum fornleifarannsóknum og var formaður Hins íslenska fornleifafélags á árunum 1961–1978. Hann stofnaði árið 1964 Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og var formaður þess meðan hann lifði. Fjöldi ritsmíða hefur komið frá Jóni um læknasöguleg efni og er bókin Menning og meinsemmdir (útgefin árið 1975) þar á meðal.

Jón sinnti læknaminjasafnini af mikilli alúð og eljusemi. Síðastliðinn veturn gat hann til að mynda ekki hugsað sér virkan dag án þess að vinna þar milli klukkan 9.00 og 12.00 þrátt fyrir háan aldur. Safnið einkennist bæði af fjölbreytni og fágætti. Þar eru um 4500 munir skráðir og fjöldi annarra sem bíða skráningar. Þarf varla að nefna mikilvægi þess að finna arftaka Jóns.

Myndirnar sem hér fylgja voru teknar í marsmánuði síðastliðnum, þegar starfsmenn Árbæjarsafns heimsóttu Nesstofu.

Bryndís Sverrisdóttir

ENDURNÝJUN FASTRA SÝNINGA ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

Núverandi fastasýningar Þjóðminjasafnsins voru settar upp um miðbik aldarinnar, þegar safnið var flutt í safnahúsið við Suðurgötu. Þær þóttu mjög góðar á þeirra tíma mælikvarða, en síðan hafa kröfur fólks til safna og sýninga breyst allmikið. Örar þjóðfélagsbreytingar á þessari öld kalla einnig á annars konar skýringar við safnmuni en áður þótti þurfa. Ýmsir hlutir, sem voru algengir og jafnvel ómissandi á hverjum bæ á fyrri hluta aldarinnar eru nú yngri kynslóðum Íslendinga algerlega framandi. Því þykir kominn tími til að taka fastasýningar Þjóðminjasafnsins til gagngerrar endurskoðunar og færa þær til nútímahorfs.

Í ársbyrjun 1987 var stofnuð á Þjóðminjasafninu nefnd, sem ætlað var að hafa forgöngu um endurskipulagningu fastra sýninga safnsins. Þegar í upphafi var ljóst, að þetta yrði margra ára vinna, sem yrði að haldast í hendur við viðgerð safnhússins og fyrirhugaðar viðbyggingar, enda segir sig sjálf, að ekki er vænlegt að endurnýja sýningarnar fyrr en safnhúsið er komið í viðunandi horf.

Fyrsta árið var aðallega unnið að gagnasöfnun. Nefndarmenn viðuðu að sér ritum um sýningatækni og safnfræði, sýningarpúlt, lýsingu, loftræstingu, efnisval og fleira. Ferðastyrkir fengust frá Menntamálaráðuneyti og Letterstedtska föreningen til þess að fara og skoða erlend söfn, þar á meðal þjóðminjasafn Dana, sem nú er í gagngerri endurbyggingu. Urðu þessar ferðir til þess að efla þekkingu nefndarmanna á sýningatækni og hvernig standa mætti að framkvæmd við gerð nýrra sýninga, þó ferðirnar hefðu að ósekju mátt vera fleiri.

Arið 1988 var sýninganeftnd lítt virk, enda fór öll umframorka í umræður og vinnu við hin nýju þjóðminjalög, sem samþykkt voru frá Alþingi vorið 1989. Um svipað leyti var loks mögulegt að lausráða sýningahönnuð til safnsins, til þess að vinna með starfsmönnum að móturn sýninganna. Þá þegar lágu fyrir hugmyndir að nýju skipulagi sýninganna, meðal annars hafði verið ákveðið að sýningarnar skyldi setja upp í tímaröð: fornöld og

miðaldir til siðaskipta á neðri hæð, en tímabilið frá miðri 16. öld fram um 1950 á efti hæð.

Síðastliðinn veturn komu einnig til starfa sérfræðingar um loftræstingu, lýsingu, burðarþol og fleiri mál sem varða bæði bygginguna og sýningarsali. Hafa þeir, ásamt arkitekt Þjóðminjasafnsins, átt gagnlega fundi með fulltrúum sýninganefndar, enda mikilvægt að safnmenn séu með á nótunum þegar á hönnunarstigi, svo forðast megi ýmis stórslys, en um slíkt eru ýmis söguleg dæmi. Safngripir skapa kröfur um ýmis skilyrði, sem erfitt kann að vera að uppfylla, en möguleikar á hagkvæmri lausn vandamálanna aukast, ef samráð er haft frá upphafi.

Vinna við sýningahönnunina fer þannig fram, að hönnuður og formaður sýninganefndar vinna tillögur að skipulagi hverrar deildar, eða tímabils, í samráði við sérfræðing safnsins. Þessar tillögur eru síðan bornar undir sýninganefnd og þjóðminjavörð og ræddar við tæknimannahópinn. Allar at-hugasemdir eru skrifaðar niður á fundunum og tekna til rækilegrar íhugunar og umræðu.

Nú þegar liggja fyrir tillögur að skipulagi á fornaldarsal fram til kristnítoku og lauslega að skipulagi miðaldadeilda. Mikil vinna er þó óunnin og þegar fram líða stundir verða kallaðir til fleiri sérfræðingar á ýmsum svíðum þjóðlegra fræða, svo að sýningarnar megi verða sem fróðlegastar og best úr garði gerðar. Erlendis vinna oft 10–15 manna hópar í áratugi við verkefni af þessari stærðargráðu, hvað þá hér í fámenninu, þar sem starfsmenn safnsins þurfa að hlaupa til verksins frá sínum daglegu störfum.

Skipulag nýrra sýninga í grófum dráttum

Í anddyri safnsins er áætlað að setja upp litla kynningarsýningu á þjóðminjavörlunni, Þjóðminjasafninu og þeirri starfsemi, sem fram fer innan veggja þess. Meðal annars verða þar kynntir þeir fornleifauppgreftir, sem fram fara í landinu hverju sinni. Einnig verður þar teikning af sýningarsölunum með skýringum og ýmsar almennar upplýsingar um tilhögun í safninu.

Kannanir sýna, að fyrstu mínuturnar eftir að fólk kemur inn á söfn og sýningar eru mjög mikilvægar vegna þess, að þá er einbeitingin mest, og fólk reynir að afla sér upplýsinga um hvað safnið hefur upp á að bjóða og hvað það vill helst skoða. Því er mikilvægt þegar í upphafi að kynna sýningarnar vel, sýna hvernig þær eru skipulagðar og hvernig best er að fara í gegnum þær. Ef slíkar upplýsingar eru skýrar spara þær gestinum mikinn tíma og fyrirhöfn og auka líkurnar á því að hann komi þangað aftur. Ekkert

kemur þó í stað vingjarnlegs starfsfólks, sem er fúst til að veita aðstoð sína og svara spurningum gesta.

Úr anddyri verður gengið beint inn í sýningu á munum frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þar verða sýndir með munum, textum, myndum og líkönnum ýmsir þættir daglegs lífs og trúarlífs á landnámsöld. Þar verður sagt frá landnámsmönnum, skipakosti þeirra, klæðaburði, skarti, híbýlum, greftrunarsíðum og þjóðskipulagi.

Frá miðöldum hefur varðveist mikið af kirkjugripum og verður því lögð áhersla á kirkjuna, kaþólskan sið og biskupssetrin í miðaldasýningunni. Þó verður einnig reynt að gera daglegu lífi fólks skil eftir því sem heimildir leyfa, en vitneskja um það hefur aukist talsvert frá því að núverandi sýningar voru settar upp.

Gert er ráð fyrir að innangengt verði milli hæða í suðurenda hússins. Á efri hæð, Listasafnshæðinni fyrrverandi, verður því beint framhald sýninganna frá siðaskiptum. Þar verður sérstök áhersla lögð á lif fólks til sveita á síðustu öldum. Vinnubrögð og verkfæri, sem tíðkuðust allt fram á þessa öld, eru ungu fólki í dag mjög framandi og þarfnað góðra skýringa við. Einnig er ráðgert að gefa fólki kost á að prófa gömul verkfæri og vinnubrögð af eigin raun.

Stefnt er að því að sýningarnar nái fram um 1950, eða eftir því sem húsrúm leyfir, og verður m.a. gerð grein fyrir þeim miklu þjóðfélagsbreytingum, sem átt hafa sér stað hér á landi frá því um aldarmótin síðustu. Margir munir frá þessari öld eru afar fyrirferðamiklir og veitti ekki af sérstöku sýningaráhúsnæði fyrir tæknimuni, eða tækniminjasafn.

Markmið með endurgerð sýninganna

Á Íslandi er aðeins eitt, stórt menningarsögulegt safn. Hlutverk þess hlýtur að vera að kynna landsmönnum og erlendum gestum sögu þjóðarinnar frá upphafi. Erlendis skipta oft mörg söfn þessu hlutverki á milli sín, en hér er ekki slíku til að dreifa. Saga Íslands er ef til vill ekki löng á heimsmælikvarða, en ef á að gera henni góð skil í sýningu þarf margt að koma til. Upplýsingar verða að vera skýrar, textar læsilegir og allur umbúnaður vandaður, en þó þarf ávallt að gæta þess að munirnir sjálfir, forngrípmirnir, falli ekki í skuggann. Millivegurinn er ávallt vandrataður, því þó að textar og skýringarmyndir séu mikilvæg hjálparöggn þarf einnig að gæta þess að þau rýri ekki gegurðargildi sýningarinnar.

Sýningar Þjóðminjasafnsins eiga að vera fyrir allan almenning, en ekki eingöngu fyrir fólk með sérfræðipekkingu, þó að það eigi einnig að geta

haft gaman af þeim. Þess þarf að gæta að sýningarnar geti nýst við kennslu á öllum skólastigum, en skólar nota Þjóðminjasafnið mjög mikið nú þegar.

Safn eins og Þjóðminjasafnið á að vera fræðslustofnun. Þar á fólk að geta komið og aflað sér þekkingar og þar á alltaf að vera eitthvað nýtt til sýnis. Þess vegna verður hægt að setja upp í hliðarsölu minni sérsýningar um ákveðin efni, eða í tilefni af ákveðnum atburðum eða tímamótum. Auk þess verða sem fyrr settar upp sérsýningar í Bogasal.

Mikið starf er fyrir höndum við endurnýjun Þjóðminjasafnsins og sýninga þess, og er viðbúið að það muni kosta mikil fjárlát, en vonandi átta ráðamenn sig á því að þjóðargersemar okkar þurfa að fá viðunandi aðbún-að sem allra fyrst.

FARSKÓLI SAFNMANNA

Það var á haustfundi safnmanna 1988 sem Friðjón Guðröðarson varpaði fram þeirri hugmynd að haldið yrði námskeið fyrir safnmenn í Skóum vorið eftir. Friðjón skilgreindi þessa hugmynd sína ekki nánar, en það lenti á undirritaðri, sem nýráðnum starfsmanni í Skóum, að hrinda henni í framkvæmd. Ég fékk Guðnýju Gerði og Kristínu Jónasar, vinkonur mínar og fyrrverandi samstarfsmenn í Árbæjarsafni, til fundar við mig til að ræða málin. Margvíslegar spurningar vöknudu, hvað átti að fara fram á síliku námskeiði, hverjir áttu að sjá um kennslu, útfrá hvaða forsendum átti að ganga, hvað átti námskeiðið að vera langt, hvað átti að borða, hvað að gera sér til skemmtunar o.s.frv. Skólahald og hotellrekstur í Skóum setti okkur tímamörk, en eftir mörg símtöl og bréfaskriftir milli landshluta fór „viku-námskeiðið“ í póst. Fljóttlega kom í ljós að í of mikið hafði verið ráðist, margir treystu sér ekki til að fara frá vinnu svo lengi á þessum tíma. Farskólanum var frestað fram á haust og hann styttur töluvert.

Í Farskóla safnmanna í Skóum, haustið 1989, var farið í skráningu, safnkennslu, fornleifarannsóknir og fornleifaskráningu og forvörlu. Félag ísl. safnmanna og Íslandsdeild ICOM voru kynnt, farið var að Stóru-Borg, hlustað á erindi um söfnun og könnun á minjasöfnum. Strax við komu á laugardeginum var haldið niður að Stóru-Borg og Mjöll sagði frá uppgreفترinum þar. Eftir mat hélt þjóðminjavörður erindi um söfnun, hverju væri verið að safna og hverju þyrti að fara að safna. Eftir kaffi tóku fornleifafræðingar við stjórn og við fórum í leiðindaveðri að Felli og mældum upp og teiknuðum rústina þar. Eftir þjóðlegan kvöldverð sýndi undirrituð nokkrar skuggamyndir og sagði frá nýlokinni könnun á minjasöfnum og loks var velheppnuð kvöldvaka í matsalnum. Á sunnudeginum var fyrst farið í safnkennslu. Eftir fróðleg inngangserindi skiptu þátttakendur sér í hópa eftir áhugasviðum og fóru út á safn til Pórðar og lögðu drög að mörgum góðum verkefnum sem síðan voru kynnt og rædd. Eftir sunnudagssteikina vorum við leidd í allan sannleikann um hvernig að skrá og merkja og farskólanum lauk með erindum forvarða um forvörlu, einkum um æskileg varðveislusklýrði safngripa í geymslugum og sýningarsöulum.



Frá farskóla safnmanni i Skógum haustið 1989.

Pátttaka í farskólum var mjög góð, en um 40 manns frá flestum söfnum landsins mættu. Ég held að mér sé óhætt að segja að vel hafi tekist til með þennan fyrsta Farskóla, þó svo að veðrið hefði mátt vera betra, en fæðið bætti það upp að hluta! Við Guðný Gerður sögðum af okkur „skólastjóratitlinum“, en vorum auðvitað reiðubúnar til að vera næstu „skólastjórum“ til halðs og trausta.

Ég vona að tillaga Margrétar Bóasdóttur, um að hafa Farskólann árlega aðra helgi í október, nái fram að ganga. Með því gefst gott tækifæri til að hittast, skiptast á skoðunum og afla sér frekari fróðleiks sem hægt er að vinna úr yfir veturinn. Mætti vel hugsa sér að næst yrði farið í eitthvað sem var skorið niður núna, t.d. uppmælingu bygginga og mannvirkja (sem nýtast vel t.d. minjavörðum á landsbyggðinni sem eru að fara af stað með húsakannanir) og í sýningatækni. Einnig mætti vel hugsa sér einn Farskóla þar sem farandsýning væri undirbúin og annan þar sem farið væri betur í skráningu (með því að skrá safn gestgjafa). Farskólinn gæti orðið góður vettvangur til að skiptast á skoðunum og marka stefnu í safnmálum.

Með því að hafa Farskólann alvöru farskóla höfum við tækifæri til að heimsækja fleiri söfn og kynna okkur hvað um er að vera í safnheiminum. Auðvitað væri best ef Farskólinn nýttist viðkomandi söfnum á einhvern hátt (sbr. skráning muna úr Þuriðarbúð í Skógum) og skólavist í Farskólanum verður að sjálfsögðu að vera til gamans jafnt og til gagns.

Helgi M. Sigurðsson

SKANSEN ALDARGAMALL

Ófáir Íslendingar hafa lagt leið sína á útisafnið Skansen í Stokkhólmi í gegnum tíðina, enda er það langfjölsóttasta sögusafn Norðurlanda. Á síðastliðnu vori hélt safnið upp á 100 ára afmæli sitt og af því tilefni kannaði undirritaður lítillega starfsemi þess.

Skansen var stofnaður með það í huga að sýna „ett Sverige i miniatyr.“ Safnsvæðið er sérlega vel staðsett, á klettótrri eyju steinsnar frá miðborg Stokkhólms. Þegar safnið var opnað, árið 1891, var það utan borgarinnar svo að mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Útsýni er þar mikið til allra átta yfir vötn og skóga.

Höfundur að stofnun Skansens var maður að nafni Artur Hazelius. Síðari hluta 19. aldar átti sér stað hröð iðnbylting í landinu, með tilheyrandi þjóðfélagsumbrotum: búferlaflutningum úr sveitum í þéttbýli og upptöku nýrra lífshátta. Hazelius vildi varðveita minjar um hið gamla bændasamfélag og hóf söfnun í því skyni árið 1872. Starf hans næstu áratugina varð síðan undirstaða Skansen og Nordiska museet.

Hazelius hafði framan af starfsferli sínum verið kennari og sýndi hann menntamálum mikinn áhuga alla tíð. Hann var ekki fyllilega sáttur við söfn síns tíma, sem honum þóttu einkennast af hugmyndasauðum uppstillingum í glerskápum. Markmið hans var að sýna á Skansen þau líffsskilyrði sem forfeðurnir höfðu búið við. Til þess þyrfti að flytja þangað heil hús með tilheyrandi búnaði og setja þau í vistfræðilega eðlilegt umhverfi. Ennfremur skyldi ráða fólk til að sýna daglegt líf og almenn störf. Samkvæmt áætlun Hazeliusar átti Skansen að bjóða upp á sem flestar gerðir híbýla í Svíþjóð, allt frá kofum sama í norðri, þar sem snjóaríki er að meðaltali sjö mánuði ársins, til herragarða Skánar í suðri, en þar er jörð hvít í u.p.b. einn mánuð.

Oft er erfitt að fullyrða um hverjir séu höfundar hugmynda. En ljóst þykir að Hazelius hafi verið fyrstur manna í heiminum til að setja á stofn útisafn (friluftsmuseum), þ.e. á Skansen. Síðan hefur fjöldi safna af svipuðu tagi sprottið upp viðsvegar um lönd, ekki síst á Norðurlöndunum og í Bandaríkjum. Mörg þeirra voru stofnuð á fyrrí hluta þessarar aldar, en meðal

SKANSEN

100ÅR

1991

SKANSENS JUBILEUMSVECKA 25 MAJ–2 JUNI 1991

þeirra yngri er Árbæjarsafn í Reykjavík, stofnað 1957. Ennfremur er vísir að útisafni kominn að Skógum undir Eyjafjöllum. Annar vitnisburður um góðar undirtektir við safnhugmynd Hazeliusar er hinn mikli fjöldi gesta sem sækir Skansen ár hvert. Eru það ein og hálf til tvær milljónir, eða tvöföld íbúatala Stokkhólms.

Nú á aldarafmælinu er Skansen tífalt stærri en við stofnun hans. Þar má finna nálægt 150 húsum með menningarsögulegt gildi, og koma þau frá hinum ýmsu héruðum Svíþjóðar, einkum þó Stokkhólmi (bæjarkjarninn). Aldur húsanna er allt frá 60 til 600 ára. Fáein þeirra eru eftirgerðir. Við val húsanna var farið eftir því hvaða atvinnustafsemi hafði farið fram í þeim, ef því var að skipta, og stéttarlegri stöðu íbúanna ef um heimili var að ræða. Á Skansen er þannig álitlegt safn húsa. Vissulega orkar tvímælis hvort þau hefði átt að flytja frá sínum upprunalega stað, en til skamms tíma þótti slíkt ekki ámælisvert. Og ófáum húsum hefur Skansen bjargað frá niðurrifi.

Mikilvægur þáttur í viðgangi Skansens er starfsemin sem fram fer í húsumnum. Þar eru allnokkur verkstæði: silfursmiðs, snikkara, leirkerasmiðs, o.s.frv. Lífgar það mjög upp á umhverfið og viðheldur auk þess gamalli handverkskunnáttu. Afurðir iðnaðarmannanna eru síðan seldar sem minjagripir og renna tekjurnar af því í vasa framleiðendanna. Heimili ýmissa þjóðfélagsstéttu, frá mismunandi tíum, eru jafnframt til sýnis á Skansen. Híbýli leigulíðans frá 17. öld eru t.a.m. eftirminnileg, með sínum rúmlega metersháu útidyrum. Kaupmaður frá 18. öld bjó hins vegar í viðum salarkynnum og eru þau búin ýmsum gersemum, sem sóttar hafa verið allt austur til Kína.

Í Stokkhólmi er veður talsvert hlýrra en hérlandis og því auðvelt að halda útisamkomur að sumarlagi. Á Skansen eru því fleiri en eitt útisvið þar sem flutt er tónlist, sýndir dansar o.p.h. Einnig er þar mikið um samkomur á hátíðisdögum Svíð, s.s. þjóðhátiðardaginn, miðsumardaginn (Jónsmessu), Lúsiudaginn og á jólum svo eitthvað sé nefnt. Skansen er með öðrum orðum fjölsóttur samkomustaður. Ennfremur er hann almennt útivistarsvæði fyrir borgarbúa, vel búinn almenningsgarður.

Safnhugmynd Hazeliusar náði ekki aðeins til mannlífsins. Hann lagði einnig áherslu á að gróður í grennd við húsin væri sem eðlilegastur. Og dýralíf skyldi vera sannverðugt. Með tímanum varð til sjálfstæður dýragarður á Skansen, samhliða menningarminjasafninu. Þar er löggð megináhersla á faunu Svíþjóðar, en einnig má sjá fila, apa og önnur hitabeltsdýr. Sýnist undirrituðum að þar fari Skansen einna lengst út fyrir markaðan ramma sinn, þó að það komi kannski lítið að sök og hafi efti vinsældir safnsins.

Eitt húsanna á Skansen heitir Röda längan og eru þar bækistöðvar menningarsögudeildar safnsins. Meðal stjórnenda deildarinnar er Inga Arnö-Berg. Hún upplýsti undirritaðan um ýmis atriði sem ekki er getið í ferðamannabæklingum. (Skal þess þó getið að henni gafst ekki tækifær til að lesa grein þessa yfir fyrir prentun). Hún kvað starf Skansen vera skipt í hvorki meira né minna en níu deildir og störfuðu þær að mestu sjálfstætt. Auk menningarsögudeildarinnar væru þar dýragarðsdeild, sýningadeild, garðyrkjudeild, byggingadeild (iðnaðarmenn), gæsludeild, söludeild, upplýsingadeild og fésýsludeild. Alls væri þarna um að ræða 130 manns í heils árs starfi. Auk þess væru ráðnir um 70 manns til sumarstarfa, aðallega til gæslu í húsunum. Einn yfirstjórnandi er fyrir allt safnið. Síðan koma deildarstjórar, almennir safnverðir o.s.frv. Í mennigarsögudeildinni eru auk deildarstjórans aðeins þrír safnverðir og hafa þeir allir afmarkað verksvið: tveir bera ábyrgð á viðhaldi og endurbyggingu húsanna, einn sér um innanstokksmuni og einn verkstýrir fólkini sem starfar í húsunum.

En hvernig skyldi þetta allt vera fjármagnað?

Inga kvað heildarkostnað vera um 50 milljónir sænskra króna á ári (um 500 milljónir íslenskar) og næmu tekjur rúmlega helmingi þess, þ.e. að-gangseyrir og leiga húsnæðis (til veitingareksturs, handiðna o.fl.). Það sem á vantaði væri greitt af Stokkhólmsborg og nágrannabyggðum, 60%, og ríkissjóði, 40%. Langhæsti gjaldaliðurinn væri laun, en einnig tæki viðhald sinn skerf. Erfitt væri að fá fé frá hinu opinbera til nýframkvæmda. Það fengist fremur frá einkaaðilum — fyrirtækjum og einstaklingum. Til að mynda fjármagnaði Wallenberg-sjóðurinn (í eigu auðugustu ættar Svíþjóðar) aðra af tveimur stórframkvæmdum sem nú færðu fram á safninu. Væri það endurbygging turnsins Breidablick. Hann væri í framtíðinni ætlaður til vistfræðilegrar starfsemi. Annað fjárfrekt verkefni væri endurbygging verksmiðjuhúss frá árdögum iðnvæðingar í Svíþjóð.

Talið barst nú að sambandi Skansen við skólakerfið. Inga sagði það aðallega vera í formi námskeiða fyrir kennara, í samráði við dýragarðsdeildina. Fræðsla í tengslum við skólana hefur farið fram síðan um 1930, en að mati Ingu hefur hún ekki tekist sem skyldi. Æði oft heyrðust neikvæð ummæli fólks í garð Skansen vegna þess að það hafi verið skikkað til að fara þangað á skólaárum sínum. Safn ætti ekki að vera fram lenging á skólunum, að mati Ingu. Hlutverk þess væri ekki að miðla fróðleik á hefðbundinn hátt. Safnferð ætti að vera upplifun fyrir einstaklinginn, vekja innblástur. Þessi mál væru reyndar mikil rædd um þessar mundir og fyrir lægi að breyta nú-verandi fyrirkomulagi. Hið talaða orð fengi væntanlega meira vægi en nú er.

Í næsta nágrenni við Skansen er gríðarstór bygging sem hýsir Nordiska museet. Þar til fyrir aldarfjórðungi voru þessi tvö söfn undir sameiginlegri stjórn og enn hafa þau með sér mikið samstarf. Má þar nefna að þau starfrækja félagið „Nordiska museets og Skansens venner.“ Það skipuleggur kynnisferðir, sér félagsmönnum fyrir boðsmiðum á samkomur og fleira í þeim dúr, gegn vægu árgjaldi. Undirritaður spurði hvort þarna væri að einhverju leyti um að ræða velgerðarmenn safnsins. En svo var ekki. Til að mynda styddist safnið að engu leyti við sjálfboðaliða í starfi sínu. Þeir hefðu þekkst fyrir 60 árum og væru enn við lýði í Bandaríkjunum og víðar, þar sem þeir gerðu góða hluti. En í Svíþjóð væri litið svo á að slíkt tæki hugsanlega vinnu frá atvinnuleysingum og veitti forréttindi þeim sem gætu verið án launanna. Varðandi eftirlaunaþega þá ynnu þeir talsvert í húsunum og fengju laun eins og aðrir.

En hverju er helst ábótavant á Skansen, að mati Ingu?

Hún kvað ýmislegt skorta en rúm væri raunar orðið takmarkað á safnsvæðinu. Sífellt væri svipast um eftir húsum og þrátt fyrir að flutningur gamalla húsa væri ekki vel séður, yrði ekki alltaf hjá því komist ef ætti að varðveita þau á annað borð. Meðal þess sem Inga vildi sjá á Skansen var prestbústaður, en prestastéttin og heimili prestanna settu mikinn svip á bændasamfélagið. Ennfremur væri æskilegt að fá fjölbýlishús í eldri kantinum. Það gæti virst of nútímalegt, en mundi þjóna því hlutverki fyrir safngesti að brúa bilið yfir til fjarlægari fortíðar.

En hvernig ætlaði safnið að halda upp á aldarafmælið?

Það yrði gert með 10 daga hátiðahöldum í maílok 1991. Þá mundi safnið sérstaklega skreytt, fluttar yrðu afmælisdagskrár á útisviðunum og enn-fremur yrðu Breidablick og verksmiðjuhúsið opnuð formlega. Eftir afmælið mundi lífið ganga sinn vanagang á Skansen á ný. Á þeim bæ væri engin þreytumerki að finna.

Undirritaður hefur á undanförnum árum komið nokkrum sinnum á Skansen. Og í hvert skipti hef ég orðið sannfærðari um að það væri best heppnaða sögusafn sem ég hef kynnst að því er sýningartækni varðar. Þar skiptir meginmáli að hann er útisafn. Í Stokkhólmi er mest úrval safna á Norðurlöndum og meðal þeirra bestu (og fokdýrra) má nefna Vasasafnið og Miðaldasafnið. Þau komast þó ekki í hálfkvisti við Skansen hvað áhrif varðar, vegna þess einfaldlega að náttúran, sól og regn, dýr og gróður, var svo snar þáttur í lífi fólksins hér áður fyrr. Án hennar hangir allt einhvern veginn í lausu lofti. Annar styrkur Skansens er handverksfólk ið í húsum og bakgörðum og listamennirnir á torgum. Rafeindatæknileg fullkomnun

og smekkvísi í hönnun dugir einfaldlega ekki til að vega upp á móti þessu.

En Stokkhólmsbúar ættu kannski nú þegar að hyggja að stofnun nýs „Skansen“, þ.e. sambærilegs safns til varðveislu á sögu og menningu 20. aldarinnar. Það væri í samræmi við framsýni Hazeliusar.

(Ítarleg heimild um Skansen: Skansens hus och gårdar, 944 síður, ritstýrt af Ingu Arnö-Berg og Arne Biörnsstad. Útgefandi: Skansen 1980.)

SAFNKENNSLA — HELSTU AÐFERÐIR

Stutt yfirlit

Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar í safnkennslu. Fer það eftir aldri og samsetningu hópsins hvaða aðferð er beitt. Höfuðmarkmiðið með safnfræðoslu á minjasöfnum er að fræða fólk á skemmtilegan hátt um gamla tímann, ekki með ítroðslu heldur með því að fá það til að uppgötva sjálft, spyrja og sjá gamla hluti í nýju samhengi.

Sýningarnar sjálfar skipta miklu máli. Þegar sýning er sett upp þarf að hafa hugfast að fólk geti þar leitað sér fróðleiks upp á eigin spýtur. Upplýsingar um hlutina þurfa að vera hnitmiðaðar og gefa innsýn í það umhverfi og aðstæður sem hluturinn tilheyrði. Flestir safngestir, a.m.k. af hinum yngri kynslóðum, eru afar fáfróðir um gamla tímann og þurfa að fá skýringar á ýmsu, sem safnafólki sjálfu finnsta liggja í augum uppi. En sýningarnar eru gerðar fyrir safngesti, en ekki fyrir safnafólkið sjálft, — eða hvað?

Skoðunarferðir henta ágætlega fyrir eldri safngesti, séu hóparnir ekki of stórir. Ef fleiri en 15 manns eru í hópi er hætt við að þessi aðferð missi marks, því þá týnist fljóttlega úr hópnum vegna þess að þeir sem lenda aftast heyra ekkert og missa því áhugann. Ekki er ráðlegt að tala í belg og biðu, heldur þarf að gefa gestunum færí á að komast að með spurningar og reyna að skapa umræðu um það, sem verið er að skoða. Eldra fólk býr oft yfir miklum fróðleik, sem eykur gildi skoðunarferðarinnar, a.m.k. ef hann fær að komast að í hæfilegu magni.

Þessi aðferð hentar aftur á móti fremur illa fyrir yngstu safngestina. Börn á aldrinum 6–10 ára hafa yfirleitt ekki úthald til að hlusta á frásögn um gamla muni nema í u.p.b. 15 mínútur, a.m.k. ekki ef þau eiga jafnframt að standa kyrr og láta það vera að snerta hlutina. Þegar um ung börn er að ræða er því betra að fléttu leiki inn í safnheimsóknina, t.d. ratleiki, fjársjóðsleit, krossgátur eða getraunaleik. Með því móti verða þau virkari, fá eitthvað að gera og fræðast um leið. Aldrei verður þó of oft brýnt fyrir þeim að ekki sé um keppni að ræða, heldur hafi þau nógan tíma til að skoða vel hlutina í leiðinni. Gangið gjarnan út frá hlutum sem börn þekkja, eins og t.d. leikföngum, til að vekja áhuga þeirra.

Á mörgum söfnum er boðið upp á skrifleg verkefni. Þau geta verið með ýmsu móti, í leikjaformi (t.d. krossgáttur), eða spurningablöð. Mikilvægt er að verkefnin séu þannig gerð, að þau hvetji þann sem á að leysa þau til að skoða hlutina vel, leita sér upplýsinga um hlutina, bera saman ýmsar gerðir af sams konar hlutum, átta sig á þróun hluta o.s.frv., en séu ekki byggð á spurningum spurninganna vegna, þ.e. til þess að börnin hafi „eitthvað í höndunum“. Ekki er ráðlegt að nota skrifleg verkefni fyrr en við 10–11 ára aldur, þegar vel flestir eru orðnir vel læsir og skrifandi.

Leikræn tjánинг hefur verið talsvert notuð á söfnum erlendis. Leikhópar ar ýmist sýna leikþætti um lífið áður fyrr, eða vinna með safngestum, sem sjálfir taka þátt í sýningunni. Sums staðar hafa verið gerðar eftirlíkingar af þorpum eða bæjum frá ýmsum tínum og þangað getur fólk komið og fengið að spreyyta sig á því að lifa eins og bronsaldarfólk, eða bændafólk á 19. öld, svo eitthvað sé nefnt.

Brúðuleikhús er víða notað til að fræða um gamla tímann. Yngstu safngestirnir hafa sérstaklega gaman af því. Öll leiklistarstarfsemi kostar peninga, en brúðuleikhúsið er af ódýrari gerðinni, því þar nægir jafnvél að einn aðili stjórni brúðunum. Skuggabréðuleikhús hefur verið notað við safnkennslu á Þjóðminjasafninu og reynst vel.

Flestum finnst mjög gaman að handfjatla gamla hluti og prófa gömul verkfæri. Þetta höfðar til allra og ekki síst til barna. Í mörgum söfnum er nokkrum hlutum „fórnað“ og fólkI leyft að snerta þá. Það gefur allt aðra upplifun en að horfa á hlutinn bak við gler. Ekki er nauðsynlegt að nota ekta verkfæri, ef gefa á fólkI kost á að prófa gamlar vinnuaðferðir, heldur má vel notast við eftirlíkingar.

Safnkassar eru litlar ferðasýningar, sem fjalla um ákveðið mjög afmarkað efni. Í kössunum eru safngripir, leshefti, eftirlíkingar af munum og áhöldum og fleira. Kassana geta kennarar og fleiri aðilar fengið að láni og haft í nokkurn tíma, og notað t.d. í kennslu til að gera námsefnið lifandi. Með þessu móti fer safnið til safngestanna, en ekki öfugt, og geta safnkassar því komið að góðum notum í strjálbýlinu.

NOKKRAR BÆKUR OG TÍMARIT UM SAFNKENNSLU

- Booth, et al.: *Creative Museum Methods and Educational Techniques*. — 1982 — Charles C. Thomas, Springfield, Illinois, USA.
- A. Grinder & E.S. McCoy: *The Good Guide. A Sourcebook for Interpreters, Docents and Tour Guides*. — 1985 — Ironwood Press, Scottsdale, Arizona, USA.
- General Guidelines for Museum Educators. ICOM — Maison de l'Unesco/1, Rue Miollis, 75732 Paris Cedex 15, France.

Det levende museum. Rapport fra Norsk Museumpedagogisk Forening Seminar i Elverum 1986. / Ritstj. Per Kyrre Reymert.

Pedimus. Timarit gefið út af Norsk Museumpedagogisk Forening / Halden Historiske Samlinger / Rød Herregård / 1750 Halden, Norge.

Museum. (nr. 144 er sérstakl. helgað safnkennslu) Unesco — Paris.

SKRÁNING OG FLOKKUN SAFNGRIPA¹

Inngangur

Að undanförnu hefur farið fram umræða meðal safnmanna um skráningu og flokkun safngripa. Jafnframt hefur verið rætt um nauðsyn þess að taka upp samræmda skráningu á íslenskum minjasöfnun. Fyrsta skrefið hefur þegar verið stigið með skráningarforriti sem Þjóðminjasafn Íslands hefur látið gera og sem mælst hefur verið til að minjasöfnin taki upp. Nokkur söfn hafa þegar hafið tölvuskráningu og nota skráningarforrit Þjóðminjasafns. Næsta skref sem verður að stíga er að finna flokkunarkerfi fyrir íslensk minjasöfn, þannig að hægt verði að flokka safngripi samhliða skráningu.

Hér á eftir verður fjallað um skráningu og flokkun safngripa og kynnt flokkunarkerfið OUTLINE OF CULTURAL MATERIALS, sem upprunnið er í Bandaríkjjunum og tekið hefur verið upp á mörgum söfnum á Norðurlöndum.

Ég mun byrja á því að fjalla allmennt um skráningu og flokkun safngripa. Leitast verður við að svara spurningum eins og þeim hver sé tilgangurinn með því að skrá og flokka efni sem varveitt er í söfnum, hvers eigi að krefjast af skráningar- og flokkunarkerfum og að síðustu hvers vegna íslensk minjasöfn eigi að taka upp samræmda skráningu? Eins og oft áður er forvitnilegt að kynna sér hvað gert hefur verið annars staðar. Því mun ég skýra lítillega frá því starfi sem unnið hefur verið í skráningar- og flokkunarmálum á Norðurlöndum á undanförnum árum. Að síðustu verður gerð grein fyrir flokkunarkerfinu OUTLINE.²

Tilgangur með skráningu og flokkun safngripa

Áður en lengra er halddið er rétt að gera grein fyrir þeim hugtökum sem notuð eru í þessari umræðu. Skilgreiningarnar eru teknar úr skýrslu SAMOREG hópsins frá 1986³. Þar er gerð grein fyrir þremur þáttum við söfnun og skrásetningu upplýsinga um safngripi.


1. Heimildaskráning (s: dokumentera): Að safna og varðveita upplýsingar í ákvæðnum tilgangi.

¹ Greinin byggist á erindi sem flutt var í Félagi íslenskra safnmannna 31. 3. 1990.

² Hér verður ekki gerð tilraun til að þýða hið ameriska heiti, sem jafnan er notað á Norðurlöndum.

³ Samordnad dokumentation av museernas föremåls- och bildsamlingar. Rapport från Statens kulturråd. Stockholm 1985.

- Heimildaskráningarkerfi (s: dokumentationssystem): Kerfi sem notað er við að safna og að hluta til vinna úr og varðveita upplýsingar.
2. Skrá (s: katalogisera): Að safna eins ítarlegum heimildum (dokumention) um safngrip og mögulegt er og skrá á einn stað. Liður í slíkri skráningu er meðal annars flokkun.
- Skrá (s: katalog): Skrá yfir safn muna. Safnskrá getur verið margþætt: aðfangaskrá, hliðar- eða undirskrár ymiss konar, aðgerða- eða viðgerðaskrá. Safnskrár hafa hingað til yfirleitt verið spjaldskrár en með tölvuvæðingu verður til tölvuskrá.
3. Flokka (s: klassificera): Að flokka þekkingu (kunskapsmaterial) á kerfisbundinn hátt.
- Flokkur (s: klassificering): Flokkur innan flokkunarkerfis sem safngripur er færður til.
- Flokkunarkerfi (s: klassificeringssystem): Kerfi sem notað er í þeim tilgangi að flokka þekkingu þannig að hlutir eða upplýsingar sem eiga saman flokkist saman.
- Þegar söfn eru skráð og flokkuð á markvissan hátt er það gert með tvö meginmarkmið í huga. Hér gildir hið sama hvort sem safn er tölvuskráð, eða skráð á gamla mátann á spjöld. Spjaldskrá getur í raun verið grunnur að tölvuskrá, því það er hægt að koma henni í tölvutækt form síðar.
- Fyrra markmiðið lýtur að samsetningu safnsins. Með skráningu næst betri yfirsýn yfir safnið og það verður auðveldara að átta sig á umfangi þess og eðli. Jafnframt verður auðveldara að gera sér grein fyrir því hvar gloppur eru í safninu, þ.e.a.s. hvað vantar í það. Ef safn er vel skráð og flokkað verður stefnumörkun og ákvarðanataka auðveldari. Skráning og flokkun eru því í raun forsenda fyrir markvissri söfnun. Þetta er mjög veigamikið atriði að hafa í huga, því mig grunar að í mörgum íslenskum minjasöfnum hafi verið lítil sem engin markviss söfnun frá því upphaflega var safnað til þeirra. (Þetta gildir a.m.k. um þau söfn sem ég hef unnið við.) Þetta hefur leitt til þess að það er mjög tilviljanakennt hvað söfnum berast af nýjum aðföngum og því miður vantar nær alveg muni og þar með heimildir frá síðustu áratugum. Að lokum má nefna að með skráningu og flokkun verður auðveldara að koma á verkaskiptingu milli safna, þannig að einstök söfn geti sérhæft sig að einhverju leyti.
- Síðara markmiðið snertir upplýsingahlutverk safna. Þegar safn hefur verið skráð og flokkað verður leit að munum eða upplýsingum í safninu mun auveldari. Þetta er augljóslega til mikils hagræðis t.d. við undirbúning sýninga, rannsóknir og til að geta svarað fyrirspurnum frá almenningu.
- Næsta atriði sem vert er að íhuga er hvers eigi að krefjast af skráningar- og flokkunarkerfi. Einn af kostum tölvuskráningar er saá að þar með verður safnið aðgengilegra því auðveldara verður að leita að upplýsingum í skránni. Tölvutæknin gerir kleyft að leita eftir mismunandi atriðum, eins og hlutarheiti, manna- og staðanöfnum, efni, aldri og flokki. En til þess að möguleikar tölvunnar nýtist sem best þarf skráningarkerfi að vera aðgengilegt. Mikilvægt er að starfsfólk þurfi ekki að eyða



Hver er tilgangur minjaskráningar?

löngum tíma í að læra á það og það verður að miða við að allir starfsmenn safnsins geti notað það bæði við skráningu og leit. Í stærri söfnum þarf að vera möguleiki á því að skráning fari fram á hverri deild, en á minni söfnum þar sem ekki er stífl verkaskipting verða allir starfsmenn (ef þeir á annað borð eru fleiri en einn) að geta unnið við skráningu. Krafan um að kerfi sé auðvelt í notkun verður enn mikilvægarí þar sem skrárnar eiga að vera opnar, þ.e. þar sem almenningur á að hafa aðgang að þeim til að leita í. En þá verður jafnframt að vera hægt að læsa þeim þannig að ekki geti hver sem er breytt skránni og eins eiga ekki allar upplýsingar sem þar eru erindi til annarra en starfsmanna safnsins. Þetta gildir t.d. um upplýsingar um verðmæti og geymslustað safngripa.

Það er alkunn staðreynd að flókin kerfi fæla fólk frá og því er krafan um að kerfi sé aðgengilegt mikilvæg. Hvað þetta snertir skiptir tvennt máli, annars vegar tölvubúnaðurinn, bæði vélbúnaður og hugbúnaður, hins vegar uppsetning skráningar eyðublaðsins, þ.e. hvernig upplýsingum er skipað á það. Skráningarkerfi þarf að henta bæði stórum og litlum söfnum og vera nothæft við skráningu alls efnis sem varðveitt er í safninu, s.s. muna, ljósmynda, hljóðbanda og útskrifta af þeim.

Önnur krafa sem gera á til skráningarkerfis er að það gefi möguleika á því að ná fram ákveðinni flokkun upplýsinga. Við hefðbundna skráningu hefur það tilkast að gera hliðarskrár á spjöldum, út frá nokkrum völdum atriðum, t.d. hlutarheiti og manna- og staðarnöfnum. Það er mjög tímafrekt að vinna síkar skrár og því eru yfirleitt aðeins valin fá atriði. Við tölvuskráningu aukast möguleikar til að gera hliðarskrár til muna, því tæknin gerir kleyft að leita út frá nánast hverju atriði eða reit á skráningarspjaldi. Þannig verður allt safnið aðgengilegra og skráin kemur að betri notum.

Það virðist nánast óþarfi að ræða það hvers vegna eigi að samræma skráningu í íslenskum söfnum og reyndar er slík samræming þegar hafin með skráningarförriti Pjóðminjasafns. Mig langar þó að nefna hér nokkur atriði til áréttингar.

Í fyrsta lagi verður til heildarskrá sem gefur yfirsýn yfir það sem er að finna í íslenskum söfnum; íslenska menningararfinn eða að minnsta kosti þann hluta hans sem varðveittur er í minjasöfnum. Slík skrá gerir kleyft að móta heildarstefnu um minjavörfslu í landinu, marka söfnumarstefnu fyrir íslensk minjasöfn og koma á verkaskiptingu milli safna.

Í öðru lagi myndi slík samræming greiða fyrir samstarfi safna. Þar sem allir safnmenn væru að vinna með sama skráningarkerfi gætu þeir miðlað reynslu hver til annars. Rágjöf og leiðbeiningarstarf til byggasafna yrði léttara og vel mætti hugsa sér að nágrannasöfn ynnu saman að skráningu.

Í þriðja lagi verður upplýsingamiðlun milli safna greiðari. Tölvuvæðing býður upp á samtengingu í tölvunet, þar sem söfnin fengju aðgang að skrám hvers annars.

Síðast en ekki síst mun samræmd skráning gera skráningarvinnuna markvissari. Það krefst þess að vinnubrögð verði samræmd með því að staðla skráningarförmöð. Þar er m.a. átt við heimildasöfnunina, þannig að allir leiti eftir og skrái sams konar upplýsingar. Í því sambandi er áriðandi að taka upp samræmt skráningareyðublað og samræma nomeklatur eða heita- og hugtakaskrár. Hér er átt við að útbúin verði skrá yfir heiti safngripa sem er sérstaklega mikilvægt við tölvuskráningu. Til að möguleikar tölvunnar til leitar nýttist til fulls þarf orðaval og jafnvel stafsetning að vera mjög nákvæm.

Skráning og flokkun á Norðurlöndum

Hér verður fjallað stuttlega um það starf sem unnið hefur verið í skráningar- og flokkunarmálum á Norðurlöndum á undanförnum árum. Þetta er gert í þeim tilgangi að íhuga hvað við getum nýtt okkur af þeirri reynslu og þekkingu sem fengist hefur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í þessunum löndum hafa verið starfandi nefndir eða starfshópar um árabil. Þær hafa flestar fengið það verkefni að móta stefnu um tölvuvæðingu safna, samræma skráningu. Starfshópunum var upphaflega ætla að móta stefnu um tölvuvæðingu minjasafna, en allir komust fljóttlega að raun um það að samræmd skráning og flokkun væri í raun forsenda þess að söfnin geti nýtt sér til fullnustu þá möguleika sem tölvuvædd skráning gefur. Því hefur alls staðar verið fjallað um þessa þrjá þætti saman, tölvuvæðingu, skráningu og flokkun.

Í Noregi settu samtök norskra safna, Norsk Kunst- og Kultur- historiske Museer, skammstafað NKKM, á stofn samstarfshóp 1978 til að skipuleggja og samhæfa tölvuvæðingu við skráningu og flokkun safngripa í norskum söfnum. Fyrsta verk nefndarinnar var að gera staðlað skráningarspjald sem mælst var til að söfn í Noregi tækju upp. Jafnframt var hafin útgáfa handbókar fyrir söfn, Museumshandboka.

Nefndin kynnti sér einnig flokkunarkerfi í því markmiði að finna kerfi sem hent-aði á norskum söfnum. Niðurstaða af því starfi var að NKKM hefur mælt með því að norsk söfn taki upp OUTLINE flokkunarkerfi og noti það við flokkun bæði muna og ljósmynda. OUTLINE hefur nú veri tekið í notkun á um það bil 40 söfnum í Noregi, þar á meðal Norsk Folkemuseum en þar hefur það verið í notkun frá því 1980. Á síðasta ári kom út norsk þýðing á OUTLINE með atriðisorðaskrá (register).

Í Svíþjóð var settur á laggirnar samstarfshópur árið 1982, SAMOREG, Samordningsgruppen för dokumentationssystem för museiföremål. Í honum áttu sæti fulltrúar frá ríkissöfnum, léns- og byggðasöfnum.

Skýrsla hópsins var gefin út árið 1985, þar eru birtar niðurstöður hópsins og kynnt samhæft skráningarkerfi sem mælt er með að söfn taki upp, SAMOREG-kerfi.

Í skýrslunni eru lagðar fram mjög greinargóðar tillögur um framkvæmd, þ.e. hvernig beri að standa að því að koma á samræmdir skráningu í sænskum söfnum. Eins og í Noregi er lögð áhersla á nauðsyn þess að staðla heimildaskráningu, skráningareyðublöð og nomenklatur. Þar er einnig undirstrikað mikilvægi þess að sænsk söfn taki upp sama flokkunarkerfi og réttilega bent á að flokkur sé mikilvægur leitarflokkur (s: sökinngang) í tölvuskrá.

SAMOREG hópurinn leggur til að OUTLINE flokkunarkerfi verði tekið upp í sænskum söfnum. Það hefur verið notað í allmörð ár við nokkur sænsk söfn, þar á meðal Nordiska museet og Kulturarvet i Falun. OUTLINE hefur verið þytt á sænsku og gefið út ásamt atriðorðaskrá.

Danir voru heldur seinni en nágrannarnir til að hreyfa við skráningarmálunum. Árið 1985 var settur á stofn starfshópur til að skipuleggja tölvuskráningu á Þjóðminjasafni Dana. Haustið 1986 voru ráðnir 2 starfsmenn til að vinna að tillögu um skráningarkerfi. Tillaga þeirra var fyrst og fremst miðuð við Þjóðminjasafnið en þó var gert ráð fyrir að önnur söfn gætu notað kerfið.

Starfshópurinn birti skýrslu eftir tveggja ára vinnu, þar sem lögð var fram tillaga að samhæfðu skráningarkerfi fyrir dönsk söfn: GENREG, samordnet genstandsreg-istrering.⁴

Hvað flokkunarkerfi varðar þá kemst danski starfshópurinn að sömu niðurstöðu og bæði Norðmenn og Svíar og mælir með því að OUTLINE verði tekið upp sem aðalflokkunarkerfi á dönskum söfnum. Danirnir líta þó þannig á málin að OUTLINE verði fyrst og fremst leitarkerfi í tölvuskrá. Því er jafnframt gert ráð fyrir því að önnur flokkunarkerfi sem verið hafa í notkun á dönskum söfnum verði notuð áfram sam-hliða OUTLINE.

⁴ Genreg. Samordnet genstandsreg-istrering. Forslag til systemlösning. Centralregistrering 9. Nationalmuseet. Kaupmannahöfn 1987.

Það er því niðurstaða allra starfshópanna að mæla með að tekið verði upp flokkunarkerfi OUTLINE OF CULTURAL MATERIALS. Það er mat allra að OUTLINE henti vel tölvuskráðum söfnum og auki notkunarmöguleika skránnra.

Outline of Cultural Materials

OUTLINE er amerískt flokkunarkerfi sem var upphaflega gert til að flokka mann- og þjóðfræðiheimildir. Það var mannfræðingurinn Georges Murdock, sem ásamt fleirum þróaði kerfi í þeim tilgangi að flokka þekkingu um hin ýmsu menningar-samfélög. Þetta var liður í samanburðarrannsóknum sem Murdock og fleiri amerískir mannfræðingar stunduðu og sáu sem leið til þess að komast að almennum lög-málum um mannlega hegðan. OUTLINE kom fyrst út árið 1937 en hefur síðan verið endurskoðað og endurútgefíð nokkrum sinnum. Nýjasta útgáfan, sú fimmta, kom út árið 1982. OUTLINE er notað sem flokkunarkerfi við stofnunina „Human Relations Area Files“, sem er skjalasafn og gagnasafn rekið af 20 bandarískum háskólum í New Haven í Connecticut.

Um eða upp úr 1950 gerði Albert Eskeröd fyrstu tilraun til að taka OUTLINE upp á Norðurlöndum. Hann var þá forstöðumaður Nordiska Museet og hann gerði það að tillögu sinni að OUTLINE yrði tekið upp sem flokkunarkerfi við safnið. Um þetta leyti breyttust mjög áherslur í stefnu safnsins og söfnunarsvið þess var víkkað. Fram til þess tíma gerði Nordiska Museet gömlu bændamenningunni, bændasam-félaginu, fyrst og fremst skil. En um 1950 sáu menn þörf á því að fara að safna minjum frá öðrum tímum og öðrum þjóðfélagshópum. Það flokkunarkerfi sem þá var í notkun á safninu var hins vegar miðað við það að flokka efni sem tilheyrdi bænda-menningunni.

OUTLINE virðist þó ekki hafa verið tekið upp sem flokkunarkerfi safnsins þá. En um 1970 hófst aftur umræða og vinna við skráningu og flokkun á Nordiska Museet og þá var OUTLINE tekið upp sem eitt af flokkunarkerfum í safninu. Í dag eru notuð fjölgur flokkunarkerfi á safninu og er OUTLINE fyrst og fremst notað sem leitarkerfi.⁵ Sænsk þýðing á OUTLINE var fyrst gefin út árið 1973, en var endurbætt og endur-útgefin 1980. Atriðaorðaskrá var gefin út 1985.

Áður en lengra er halddið er rétt að líta aðeins á þau flokkunarkerfi sem notuð hafa verið við söfn á Norðurlöndum og skoða á hvern hátt þau eru frábrugðin OUTLINE.

Fyrri flokkunarkerfi eru flest s.k. SAKREGISTER eða ORÐALISTI, sem oft hefur verið útbúinn á hverju safni fyrir sig. Hér þekkjum við danska flokkunarkerfið Saglig registrant, sem kennt er við Svend Jespersen og gert var fyrir dönsk minjasöfn. Slik flokkunarkerfi eru einnig til á ensku ýmist undir heitinu nomenklatur eða einfaldlega name list.

Þessi kerfi eru byggð upp á heitum safngripa, sem raðað er saman í flokka eða hópa. Þau eru að því leyti „hentug“ að það er alltaf hægt að bæta við þau. Í hvert skipti sem fram kemur gripur sem ekki hefur verið skráður áður, þá er einfaldlega

⁵ Användning av Outline klassificering i Norden. Heidi Henriksson, Registeringssektionen, Nordiska Musset. 1988 (fjöldituð skýrsla).

búinn til flokkur fyrir hann, innan þess hóps sem hann heyrir best til. Það hefur komið í ljós að slík kerfi eru stillanleg eða yfirlæranleg frá einu landi (eða tungumáli) til annars, vegna þess að gengið er út frá munum sem til eru í söfnum á hverjum stað og þau verða því óhákvæmilega staðbundin. Ennfremur er ljóst að sá möguleiki að þróuna við kerfið, þ.e. bæta við heitum er ókostur þegar tekin hefur verið upp tölvuskráning, því þá verður öll viðleitni til samræmingar fljótt marklaus.

En hvað er það þá sem gerir OUTLINE frábrugðið þessum flokkunarkerfum. Í fyrsta lagi má nefna að það er byggt upp á þemum eða svíðum, sem skipað er saman í flokka. Það er gert með það í huga að hægt sé að flokka efni frá mjög ólíkum menningarsvæðum, allt frá einföldum samfélögum veiðimanna og safnara, til margþættari, flóknari samfélagsgerða eins og iðnvæddra samfélaga.

Þá er næst að nefna að OUTLINE er fullgert flokkunarkerfi, í því eru fastir flokkar og það á ekki að breyta því eða bæta við það. Tilraunir sem gerðar hafa verið til að staðfæra kerfi, breyta flokkum og flytja til, hafa leitt í ljós að slíkt er illmögulegt. Þegar kerfið var fyrst tekið upp við Nordiska Museet fundu menn fyrir því að það var ekki gert með muni í huga og það var reynt að aðlaga það betur skráningu þeirra. Frá því var horfið þegar sýnt var að við það tapaðist ýmislegt sem áliðið var kostur við kerfið.

OUTLINE er byggt á því að flokka menningarfyrbrigði (kulturelement). Það er gengið út frá áþreifanlegum hlutum eða raunverulegum aðstæðum eins og mannlegu atferli, efnalegum aðstæðum og félagsgerð. Það er byggt á þeirri flokkun sem mannfræðingar og aðrir sem rannsakamanninn, hegðan hans, umhverfi og menningu, hafa tamið sér. Höfundarnir hafa sagt að í raun liggi ekki nein dýpri fræðileg greining að baki því hvernig kerfið er uppbyggt og að flokkaskipan eigi að vera augljós og auðskilin öllum.

OUTLINE er byggt upp á tveimur þrepum, annars vegar eru 80 aðalflokkar, táknaðir með tveggja stafa tölu. Þessir flokkar eru svo almennir, að helst á að komast hjá því að nota þá. Hins vegar eru þriggja stafa undirflokkar, og er möguleiki á 10 undirflokkum við hvern aðalflokk. Þessir flokkar ákvarða námkvæmari flokkun og eru munir jafnan færðir til eins eða fleiri undirflokkra.

Grunnhugmyndin að baki OUTLINE er sú að hægt sé að líta á öll menningarfyrbrigði frá sjó ólíkum sjónarhornum, eða lögmálum (n: synsvinkler, s: principper). Einhverjum kann að þykja erfitt að átta sig á því í fyrstu hvernig hægt sé að beita OUTLINE á muni eða safngripi, en þá verðum við að temja okkur að líta á muni sem lið í mannlegri hegðan eða afleiðingu af henni.

Ef litið er nánar á hin sjö sjónarhorn eða lögmál sem beitt er til að ákvarða flokkun þá ræðst flokkur af því hvort litið er á hlutinn útfra:

1. Verknaði eða aðgerð. Hér er meðtalið það sem má segja að sé innbyggt hlutverk hluta, sem ákvarðar notkun þeirra. Dæmi er flokkurinn ferðalög (484), en þangað myndi færast allt sem lýtur að ferðamáta, t.d. gönguferðir, bakpoki.
2. Aðstæðum, en þær geta verið bundar ákvæðnum stað og tíma. Dæmi um slíkt er flokkurinn frí og helgidagar (527), þar með taldir þjóðhátiðardagar, í okkar tilviki 17. júní. Þannig myndi flokkun muna eins og 17. júní-merkja ákvarðast.

3. Persónum eða hópum, sem eru gerendur. Hér er átt við athafnir sem eru tengdar hópum með sérstöðu. Það sem ræður flokkun er hver gerandinn er, en ekki verknaðurinn sjálfur. Sem dæmi má nefna flokkinn prestskap (793) þar sem bæði prestshempa og prestakragi ættu heima.
4. Polanda, eða þeim sem verður fyrir einhverjum verknaði. Þetta getur verið hlutur, dýr eða einstaklingur. Dæmi er flokkurinn alifuglarækt (235) þar sem allt sem t.d. lýtur að hænsnahaldi, hænsnahús og eggjakarfa, yrði skráð.
5. Miðli eða tækjum til að fremja einhværn ákveðinn verknað. Hér er bæði átt við ápreifanleg áhöld og tól, eins og síma (206) sem óeiginleg „mannleg“ tæki eins og nágrennahnálp sem félli undir flokkinn samhjálp (476)
6. Markmiðum eða tilgangi sem verknaður hefur. Þannig er til dæmis með flokk eins og galdrar (754) sem rúmar bæði vitneskju um galdra og aðferðir til að beita þeim.
7. Niðurstöðum eða afleiðingum af verknaði. Dæmi um flokk sem ákvarðast af slíku er skipasmíðar (396). Til hans myndu vera færðir bátar og útbúnaður þeirra.

Yfirleitt er hægt að færa hvern safngrip til fleiri en eins flokks, stundum margra. Í flestum skráningareyðublöðum er gert ráð fyrir að svo sé og því fleiri en einn reitur fyrir flokk.

Það er ljóst að OUTLINE er ekki fullkomnið fremur en önnur mannanna verk. Það er þó samdóma álit þeirra sem hafa kynnt sér kerfið og tekið það upp að kosturnir vegi þyngra en gallarnir og því hefur verið mælt með því á Norðurlöndunum. Það sem litið er á sem aðalkosti OUTLINE er í fyrra lagi að það er alþjóðlegt kerfi sem er í notkun víða um heim. Þeir sem þróuðu það höfðu að markmiði að geta flokkað efni frá öllum menningarsvæðum. Í öðru lagi að kerfið er tilbúið og allir flokkar eru fastir flokkar sem ekki á að hreyfa við. Það hefur þegar verið bent á að slíkt er nauðsynlegt þegar stefnt er að samræmdir skráningu. Í þriðja lagi er hægt að flokka allt efni sem varðveitt er í söfnum samkvæmt OUTLINE, s.s. muni, myndefni, texta, þ.e. bæði ritaðar eða hljóðritaðar heimildir, og bækur.⁶ Á þennan hátt verður samræmi í flokkun þessara efnisflokkar. Samræmingin á að tryggja að þegar leitað er að upplýsingum um eitthvert tiltekið atriði, þá eru þær flokkaðar saman í hvaða formi sem þær eru.

Helsti galli sem menn hafa séð við OUTLINE er sá að vegna þess að það er gert til að flokka efni frá öllum menningarsvæðum, þá er það stundum of almennt. Það vantar flokka sem eiga betur við norrænar aðstæður og því er þörf á nákvæmari flokkun ef kerfið á að koma söfnum á Norðurlöndum að fullu gagni.

Þess vegna er þegar hafin vinna við að dýpka nokkra flokka. Við Nordiska Museet er t.d. verið að vinna við flokkinn um matargerð og Norðmenn sjá þörf á að laga flokka eins og nytjar af skógi og sjósókn betur að norskum aðstæðum. Bæði Norðmenn og Svíar leggja áherslu á að norrænt samstarf eigi að vera um þessa vinnu og einhverju samráði hefur verið komi á nú þegar.

⁶ Þó þessi möguleiki sé nefndur er ekki gert ráð fyrir að bókasöfn verði flokkuð og raðað upp eftir OUTLINE, heldur að hægt sé að nota það sem annað flokkunarkerfi.

Pó þessir agnúar séu á OUTLINE og gera megi ráð fyrir að einhvern tíma taki að laga það betur að norrænum aðstæðum, er hægt að byrja að nota það eins og það er. Kerstin G:son Berg á Nordiska Museet, sem unnið hefur við sænsku þýðinguna bendir á að gera megi flokkunina nákvæmari með því að skipa hverjum mun í a. m. k. two flokka. Hún varar eindregið við því að farið sé að fikta við kerfi á hverju safni, slikt hafi ekki gefist vel.⁷ Þegar gallarnir eru veginir er einnig mikilvægt að hafa í huga að þeim mun fyllri upplýsingar sem til eru um hvern grip, þeim mun nákvæmari verður flokkunin. Petta tengist því sem sagt var í upphafi um mikilvægi þess að staðla heimildaskráninguna.

Niðurstaða

Þegar litioð er til þeirrar reynslu sem fengist hefur í skráningar- og flokkunarmálum á Norurlöndum er í mínum huga nokkuð ljóst hvaða stefnu við eignum að taka. Það eru að mínu mati sterk rök fyrir því að við tökum upp OUTLINE sem flokkunarkerfi fyrir minjasöfn og komum okkur í norrænt samstarf um staðfæringu þess. OUTLINE virðist henta vel við tölvuskráningu minjasafna, það gefst vel sem leitarkerfi og auðveldar þar með starf í söfnum. Samræmd tölvuskrá gefur aukna möguleika á rannsóknum bæði innanlands en einnig á norrænum grundvelli. Síðast en ekki síst þá ættum við að geta nýtt okkur þá reynslu sem þegar er fengin á hinum Norðurlöndunum.

⁷ Kerstin G:son Berg: Outline-systemet — vadon och varthän? Svenska Museer, 1981:2.

HEIMILDIR

- K. G:son Berg: Outline-systemet — vadon och varthän? Svenska Museer 1981:2
- R. Erlandsen, K. Olsen (red): Fotobearingsboka. Veileitung i sikring, registrering og teknisk behandling av eldre fotografi. Sekretariatet for fotoregistrering. Oslo 1988.
- M. Floryan og fl.: EDB på museerne. Et nyt redskab i de danske museers daglige arbejde. Statens Museumsnævn. 1987.
- Guðmundur Ólafsson og fl.: Lykill að flokkunarkerfi fyrir minjasöfn. Þýtt og satfært eftir Saglig Registrant for danske kulturhistoriske museer, af Svend Jespersen. Þjóðminjasafn Íslands 1979.
- C.U. Hansen og fl.: GENREG Samordnet Genstandsregistrering. Forslag til systemløsning. Centralregistrering 9. Nationalmuseum. Kaupmannahöfn 1987.
- H. Henriksson: Användning av Outline Klassificering i Norden. Nordiska Museet, Registreringssektionen. 1988 (fjöldituð skýrsla)
- Museum Documentation Systems. Developments and Applications. R.B. Light, D.A. Roberts, J.D. Stewart (ed). London 1986.
- Outline. Klassifiseringssystem for museum og arkiv. samt register. Norsk þýðing: Randi Johannessen. NKKM og Norsk Folkemuseum. Oslo 1989.
- Samordnat dokumentation av museernas föremåls- och bildsamlingar. Rapport från Statens kulturråd 1985:2. Stokkhólmur 1982.
- Översikt över kulturinventariet. Sænsk þýðing af Outline. Kerstin G:son Berg. 3. útg. Nordiska Museet 1980. Register, 1985.

